

Geimvísindamenn í Bandaríkjunum rannsaka fyrstu nærmyndir geimfarsins New Horizons af Plútó og tunglinu Karoni



AFP

Karon Ný mynd geimfarsins New Horizons af stærsta tungli Plútó.

Fjölbreyttir heimar í fjarska

● Jarðvirkni virðist hafa átt sér stað

Kjartan Kjartansson
kjartan@mbl.is

Plútó og Karon eru mun fjölbreyttari heimar en menn höfðu gert sér væntingar um. Yfirborð þeirra eru ung og benda til þess að einhvers konar jarðvirkni eigi sér eða hafi nýlega átt sér stað þar. Þetta er það sem New Horizons-teymið ræður af fyrstu nærmyndunum frá Plútó sem bærust í gær.

Þrjár myndir sem geimfarið New Horizons tók í flugi sínu fram hjá Plútó og tunglum hans í fyrradag voru birtar á blaðamannafundi vísindateymisins í Johns Hopkins-háskóla í gærkvöldi. Óhætt er að segja að vísindamennirnir hafi verið spennir enda komu myndirnar, sérstaklega af Karoni, þeim í opna skjöldu.

Cathy Olkin, reikistjórnufræðingur við New Horizons-teymið, sagði að mynd sem geimfarið tók af Karoni í aðfluginu hefði „sprengt sokkaleistana“ af vísindamönnum. Dökkt svæði á norðurhvelinu hafi hlotið hið óformlega heiti Mor-dor, eftir Hringadróttinssögu. Ógurleg gljúfur skeri andlit tunglsins sem gæti verið merki um jarðfræðilega virkni.

„Þetta er lítil veröld með djúpum gljúfrum, lægðum, klettum og lítil svæði sem eru okkur ráðgáta. Það eru svo mikil áhugaverð vísindi á þessari einu litlu mynd,“ sagði Olkin.

Engir flóðkraftar sem geta knúið jarðvirkni

Þá var röðin komin að sjálfum Plútó. Myndin sem vísindamennirnir afhjúpuðu af litlum hluta yfirborðsins sýndi fjallgarða, allt að fjögurra

kílómetra háa. Þeir séu að öllum líkindum úr vatnsís þar sem ís úr köfnunarefni og kolmónoxíði sé of deigur til að geta myndað fjöll af þessu tagi.


Engir loftsteinagigar voru sjáanlegir á myndinni sem bendir til þess að yfirborðið sé afar ungt. Alan Stern, aðalvísindamaður leiðangursins, sagði að þetta benti til jarðvirkni í iðrum Plútós. Fram að þessu hafi menn talið að jarðhiti og virkni í ístunglum væri tilkomin vegna flóðkrafta sem stórar reikistjörnur hafa á þau. Því væri hins vegar ekki að heilsa á Plútó og Karoni að flóðkraftar væru ekki orsökina á Plútó.

„Við höfum ekki fundið gos hveru og við höfum ekki fundið íseldfjöll,“ sagði Stern en þessar vísbendingar gæfu munnum tilefni til þess að leita að slíkum fyrirbærum á yfirborði Plútós.

Fleiri myndir eru væntanlegar

Gögnin sem kynnt voru í gærkvöldi voru aðeins brotabrot af þeim gögnum sem New Horizons mun senda til jarðar og vísindamennirnir hafa aðeins haft örfáa tíma til þess að skoða þær fáu myndir sem eru komnar til jarðar. Því eru allar hugmyndir um hvað valdi því sem virðist virkni á Plútó og Karoni aðeins vangaveltur að svo stöddu.

Það er þó ljóst að þessar fyrstu upplýsingar um Plútókerfið sem menn hafa fengið benda til þess að það sé mun meira spennandi og framandi en menn hafði óráð fyrir. Fleiri myndir og frekari gögn munu halda áfram að berast næstu daga sem munu að líkindum varpa frekara ljósi á þetta fjarlægga og framandi kerfi hnatta.



AFP

Plútó Ein af fyrstu nærmyndum New Horizons af yfirborði dvergrikistjörnunnar. Á myndunum sjást meðal annars allt að 4.000 metra há fjöll sem talið er að hafi myndast fyrir meira en 100 milljónum ára, að sögn NASA.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2015, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. júlí 2015 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2015, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ófregiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ófregiddar barnabætur, ófregiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlags kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2015

Tollstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Fögnuður Starfsmenn NASA fögnuðu ákaft í fyrrinótt þegar loftnet á jörðu námu fyrsta útvarpsmerkið frá geimfarinu eftir að það flaug framhjá Plútó.